

Breyting á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013

Fyrri umræða í borgarstjórn

1. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

1. gr.
Skipan borgarstjórnar.

Borgarstjórn Reykjavíkur er skipuð tuttugu og þremur borgarfulltrúum sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

35. gr. samþykktarinnar breytist þannig að við bætist svohljóðandi 2. mgr.:

Sérhver borgarfulltrúi á rétt á aðgangi að fundargögnum þeirra ráða sem borgarstjórn kys til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum, sbr. b-lið 63. gr. þessarar samþykktar.

50. gr. samþykktarinnar breytist þannig að 5. tl. verður svohljóðandi:

Fjallar um og setur reglur um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa, sbr. einnig IV. kafla.

50. gr. samþykktarinnar breytist þannig að við bætist svohljóðandi 8. tl.:

Afgreiðir tilkynningar kjörinna fulltrúa um fæðingarorlof, veikinda- og slysaföröll.

52. gr. samþykktarinnar breytist þannig að 2. mgr. verður svohljóðandi:

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarétt í Reykjavík nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. þó ákvæði 63. gr. og 64. gr.

63. gr. samþykktarinnar breytist þannig að lokamálsliður verður svohljóðandi:

Aðalmenn þeirra ráða sem talin eru upp í B-lið skulu koma úr hópi aðalmanna í borgarstjórn. Varamenn skal velja úr hópi aðal- eða varamanna í borgarstjórn.

64. gr. samþykktarinnar breytist þannig að B-liður verður svohljóðandi:

B. Til fjögurra ára:

1. Einn mann í almannavarnanefnd og tvo til vara.
2. Fimm menn í barnaverndarnefnd og fimm til vara. Formannskjör.
3. Þrjú menn í endurskoðunarnefnd og þrjú til vara. Formannskjör.
4. Tvo menn í ferlinefnd fatlaðs fólks og tvo til vara. Formannskjör.
5. Tvo menn í fjölmeningarráð og tvo til vara. Formannskjör.
6. Fimm menn í heilbrigðisnefnd og fimm til vara. Formannskjör.
7. Fimm menn í hvert hverfisráð og fimm til vara. Formannskjör.
8. Þrjú menn í innkauparáð og þrjú til vara. Formannskjör.
9. Þrjú menn í ofbeldisvarnarnefnd og þrjú til vara. Formannskjör.
10. Þrjú menn í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og þrjú til vara.
11. Tvo menn í öldungaráð og tvo til vara. Formannskjör.

Aðalmenn í nefndum sem taldar eru upp í 4., 5., 6., 8., 9. og 11. tl. B-liðar skulu koma úr hópi aðal- og varamanna í borgarstjórn.

68. gr. samþykktarinnar breytist þannig að 1. mgr. verður svohljóðandi:

Framboðsaðila sem fulltrúa á í borgarstjórn en nær ekki kjöri í fastanefnd sem hefur fullnaðarákvörðunarvald í málum, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefndar með málfrelsi og tillögurétt. Þessi heimild gildir ekki um fulltrúa í barnaverndarnefnd.

Samþykkt þessi sem Borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 öðlast gildi við borgarstjórnarkosningar í maí 2018.